

202 vísað sóknarprestinum að Fjarðarprestakalli í Mjóafirði, síra Þorsteini Halldórssyni, sem 29. 5. okt. nóvbr. f. á. fjekk veitingu fyrir embætti þessu frá fardögum 1882, 200 kr. fyrir ársfjórðunginn 6. júní til 6. september þ á. af því 800 króna árstíllagi úr landssjóði, sem tjeðu kalli er veitt með lögum 27. febr. 1880, enda þótt síra Þorsteinn hafi eigi fengið prestvígslu fyrri en 3. dag f. m. Þó getið þjer þess, að þjer hafið ávísað honum upphæð þessa með því einu skilyrði, að hann endurgreiddi hana, ef ráðgjafinn kvæði svo á, og hafið þjer svo beiðzt úrskurðar ráðgjafans um þetta mál.

Af þessu tilefni skal eigi hjá líða látið að tjá yður, herra landshöfðingi, þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að eptir atvikum má sitja við ráðstöfun þá, er þjer hafið gjört, einkum þar eð brjef yðar ber það með sjer, að biskupinn hefir borið það fram, til að styðja tilkallsrjett prestsins til fjár þess, sem honum hefir greitt verið, að kalli þessu hafi síðan í fardögnum verið þjónað á kostnað hans

203 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um styrk til að kynnast skóla- 5 okt. húsum og áhöldum erlendis. — Með þóknanlegu brjefi 15. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá frá yfirkennaranum við lærða skólann í Reykjavík H. K. Friðrikssyni, er hann hefir sent stiptsyfirvöldunum; skýrir hann þar frá því, að sjer sje falin umsjónin á húsum og áhöldum skólans, og fer meðal annars fram á, að sjer verði veitt færi á að ferðast til útlanda og kynna sjer þar hús og áhöld erlendra skóla, einkum Herlufsholms-skóla og Sóreyjar-skóla, og að sjer verði veittur að minnsta kosti 600 króna styrkur til ferðarinnar, svo og að kostnaðurinn við að reka embætti hans, meðan hann er burtu, verði greiddur af almannaþje.

Af þessu tilefni er eigi hjá líða látið að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir umsækjanda, að ofan nefndri beiðni hans hefir eigi orðið sinnt.

204 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um inn- 7 okt. stæðukúgildi á leigujörðum. — Eptir að hafa meðtekið álit yðar, herra amtmaður, um fyrirspurn hreppstjórans í Presthólahreppi um það, hvort bóndi á leigujörð, er alls engin innstæðukúgildi eru á, sje undan þeginn lausafjártíund af einu kúgildi af sínu eigin fje fyrir hver fimm hundruð, sem jörð hans er metin til, skal jeg tjá yður þetta til leiðbeiningar og birtingar:

Eins og þjer hafið tekið fram, virðist 2. liður 8. greinar í lögum 12. júlí 1878 að ná jafnt til leiguliða og eiganda, og er því leiguliðum heimilt, þar sem eigi er fast ákveðið innstæðukúgildatal á jörðum, að telja frá tíund eitt kúgildi af sínu eigin lausafje fyrir hver 5 hundruð jarðarinnar en eigi fleiri. Þar sem hundraðatal jarðarinnar nær eigi 5 hndr., virðist ákvörðun þessi eigi að geta komið til greina, og sje hundraðatal jarðarinnar ekki deilanlegt með 5, virðist heldur ekki það, sem afgangsverður, eptir að hundraðatölunni er skipt með 5, að geta komið til greina til lækkunar á lausafjártíundinni.

205 — Brjef frá formanni samskotanefndarinnar í Kaupmannahöfn til landshöfðingja 9. okt. um sendingar á kornvörum með gufuskipinu Valdemar. — Jeg hefi meðtekið brjef yðar, hávelborni herra, frá 17. f. m., og þakka mjög fyrir skýrslur þær, er það hefir inni að halda.

Ákvörðunin um að kaupa fje fyrir þær 20.000 kr., er yður með fyrra gufuskipinu voru fengin ráð á, var gjörð eptir samkomulagi við herra landshöfðingja Hilmar Finsen, og álitu menn það nauðsynlegt og hagkvæmt, að íbúar þeirra hjerada á Suður-